

Mosfellsbær
b.t. Haraldar Sverrissonar, bæjarstjóra
Þverholti 2
270 MOSFELLSBÆR

Reykjavík, 22. júní 2018
Tilvísun: OS2018030046/50.4.5
Verknúmer: 3340300


Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á möl og sandi af hafsbotni á tíu svæðum í Kollafirði við Faxaflóa

Orkustofnun barst þann 3. apríl sl. umsókn frá Björgun ehf., dags. 27. mars 2018, þar sem á grundvelli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, var sótt um leyfi til leitar og rannsókna á möl og sandi af hafsbotni í Kollafirði við Faxaflóa (1. fylgiskjal). Með bréfi til Björgunar ehf., dags. 26. apríl 2018, óskaði Orkustofnun eftir viðbótargögnum vegna framangreindrar umsóknar (2. fylgiskjal), og bárust þau með bréfi frá Björgun ehf., dags. 18. júní 2018 (3. fylgiskjal).

Björgun ehf. sækir um leyfi til leitar og rannsókna á möl og sandi af hafsbotni á tíu svæðum í Kollafirði, sem nefnd eru Kjalarnes, Saltvík, Álfsnes, Þerney, Leiruvogur, Lundey, Lundeyjardjúp, Viðeyjarflak, Eng-ey og Hólmar-Akurey. Staðsetningu fyrirhugaðra tíu leitar- og rannsóknasvæða má sjá á yfirlitskortu af Kollafirði, auk sjö nákvæmari korta (3. fylgiskjal). Í einum viðauka með umsókn er fjallað um jarðfræðilegar forsendur hvers leitar- og rannsóknasvæðis í Kollafirði. Björgun ehf. óskar eftir að umbeðið leyfi gildi til 31. desember 2019.

Enda þótt Mosfellsbær sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að fara þess á leit að sveitarfélagið veiti umsögn um meðfylgjandi erindi. Þess er óskað að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en mánudaginn 16. júlí nk. sem og á tölvupóstfangið bgr@os.is. Berist ekki athugasemdir innan tilskilins frests, lítur Orkustofnun svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur



Sigurður Elías Hjaltason
byggingarverkfræðingur

Afrit sent til:
Björgunar ehf.

Einnig er óskað umsagna frá:

Faxaflóahöfnum sf., Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavíkurborg: umhverfis- og skipulagsráði, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Veitum ohf.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Björgunar ehf. til Orkustofnunar, dags. 27. mars 2018; umsókn um rannsóknarleyfi á malarefni á hafsbötni í Kollafirði, ásamt korti (alls 3 bls.).
2. Bréf Orkustofnunar til Björgunar ehf., dags. 26. apríl 2018; vegna umsóknar um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbötni í Kollafirði við Faxaflóa (1 bls.).
3. Bréf Björgunar ehf. til Orkustofnunar, dags. 18. júní 2018; umsókn um rannsóknarleyfi á malarefni á hafsbötni í Kollafirði, ásamt níu viðaukum: jarðfræðilegar forsendur hvers leitar svæðis, einu yfirlitskortu yfir leitar- og rannsóknasvæðin í Kollafirði, og sjö kortum af leitar- og rannsóknasvæðunum (alls 19 bls.). Bréfið og viðaukarnir bárust með tölvupósti frá Björgun ehf. þann 18. júní 2018.